



Skýrsla starfshóps um Frístundakort fyrir eldri borgara

Ágúst 2026



Reykjavík



Efnisyfirlit

Samantekt	3
1. Inngangur.....	4
2. Markmið	4
3. Kortlagning á núverandi stöðu	5
Núverandi sérkjör Reykjavíkurborgar fyrir 67+	5
Samanburður sveitarfélaga	5
4. Styrkhæf starfsemi	6
5. Tekju og eignaviðmið.....	6
6. Kostnaðarmat	7
7. Framkvæmd.....	9
8. Fylgiskjöl	10
Erindisbréf starfshóps	10
Drög að reglum.....	11
Erindi til Skattstofu.....	12
Gögn varðandi lækkun fasteigna og fráveitugjalds	12
Tilboð vegna breytingar á Hvata	13



Samantekt

Samanburðarsveitarfélögin nota mjög ólíkar fjárhæðir til styrktar frístunda fyrir eldri borgara.

Hámarksstyrkir árið 2026 eru frá 11.000 kr. í Mosfellsbæ upp í 60.000 kr. á Akureyri. Vogar greiða 50.000 kr., Hafnarfjörður allt að 48.000 kr. og Reykjanesbær 45.000 kr.

Tillaga Reykjavíkurborgar um 60.000 kr. styrk er í efri hluta samanburðarins. Hún jafnar hæsta styrkinn í samanburðinum og er 25% hærri en hámarkið í Hafnarfirði. Fjárhæðin er því raunveruleg stefnumótandi ákvörðun, ekki sjálfgefið landsviðmið.

Tekjutenging er undantekning, ekki regla, í samanburðinum. Akureyri og Hafnarfjörður tekjutengja styrkinn. Vogar, Reykjanesbær og Mosfellsbær gera það ekki samkvæmt fyrirliggjandi opinberum upplýsingum.

Val á tekjuviðmiði ræður stærð markhópsins. Þekktur hópur vegna 100% lækkunar fasteignagjalda og sérstaks húsnæðisstuðnings er 1.403 einstaklingar, eða um 5,6% af áætluðum 25.000 íbúum 67+. Sé miðað við einstaklinga við framfærsluviðmið skattsins stækkar hópurinn í 4640 til 5827 einstaklinga

Kostnaðarbilið er mjög breitt vegna óvissu um réttindahóp og nýtingu. Fyrirliggjandi sviðsmyndir gefa um 58,9-244,7 m.kr. í árlegan styrkkostnað áður en kerfis-, umsýslu- og kynningarkostnaður bætist við.

Rafræn ráðstöfun beint til þjónustuveitanda er aðgengilegri en endurgreiðsluleið. Fyrir þennan hóp getur verið hindrun að þurfa að leggja út fyrir kostnaði í byrjun. Skattframtalsleiðin býður upp á sjálfvirka afgreiðslu.



1. Inngangur

Borgarstjóri skipaði starfshóp um frístundakort fyrir 67 ára og eldri með erindisbréfi 23. júní 2026. Hlutverk hópsins er að vinna kostnaðarmetnar tillögur að tekjutengdum frístundastyrk, móta fyrstu drög að reglum og skilgreina hvaða starfsemi og tekjuviðmið skuli leggja til grundvallar. Hámarksfjárhæð í erindisbréfi er 60.000 kr. á ári og skilafrestur 21. ágúst 2026.

Starfshópin skipa Jóhanna Garðarsdóttir, formaður, Þórunn Þórðardóttir og Þórhildur Egilsdóttir. Úlfhildur Flosadóttir er starfsmaður hópsins. Fyrsti skráði fundur var 30. júní 2026.

2. Markmið

Meginmarkmið frístundakortsins er að jafna tækifæri Reykvíkinga 67+ til þátttöku í skipulögðu íþróttta-, tómstunda-, menningar- og félagsstarfi. Með því að draga úr fjárhagslegum hindrunum er kortinu ætlað að efla reglubundna virkni og félagsleg tengsl, vinna gegn einmanaleika og rjúfa félagslega einangrun og stuðla þannig að bættri heilsu og auknum lífsgæðum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til tekjulágra einstaklinga sem ella gætu átt takmarkaða möguleika á þátttöku.

Þörf fyrir slíkt úrræði er studd nýlegum gögnum. Í landskönnun um hagi og líðan fólks 67+ árið 2024 sögðust 12% stundum vera einmana og 4% frekar oft, mjög oft eða alltaf. Hlutfallið var 33% meðal ekkla og ekkna. Jafnframt sögðust 17% hafa stundum eða oft fjárhagsáhyggjur. [Niðurstöðurnar](#) undirstrika mikilvægi þess að fjárhagur verði ekki hindrun fyrir þátttöku og að skapa þurfi aðgengileg tækifæri til félagslegra tengsla og virkni.

Tillaga að mælanlegum markmiðum

Markmið	Mælikvarði	Framkvæmd
Nýting	Hlutfall réttindahóps sem ráðstafar styrk	Ákvörðuð verði markprósenta eftir staðfestingu stærðar hóps; 70% notað sem kostnaðarforsenda.
Aðgengi	Fjöldi félaga sem býður upp á nýtingu styrks	Samið verði við fjölbreyttan hóp félaga til þess að taka á móti styrkjum.
Jafnræði	Nýting eftir aldurshópum, kyni og hverfum	Greina árlega nýtingu eftir aldurshópum, kyni og hverfum
Félagsleg virkni	Sjálfsmat þátttakenda á virkni og félagslegri þátttöku	Stutt valfrjáls spurningakönnun sem sett yrði í spurningavagna velferðarsviðs Reykjavíkur.
Fjárhagslegt eftirlit	Stærð þýðis, meðalráðstöfun, ónotuð réttindi og frávík/endurgreiðslur	Fjórðungslegt stjórnendayfirlit og endurskoðun reglna að ári liðnu



3. Kortlagning á núverandi stöðu

Núverandi sérkjör Reykjavíkurborgar fyrir 67+

Reykjavíkurborg veitir fólki 67 ára og eldra sérkjör í sund, söfn, Fjölskyldu- og húsdýragarði og Ylströnd.

Samhliða breytingu er mögulegt að fella niður núgildandi afsláttarkör og heimila tekjulægri eldri borgurum að nýta frístundastyrki til kaupa á almennum kortum. Eldri borgarar með lágar tekjur, sem þó eru yfir tekjuviðmiðum frístundastyrksins, gætu orðið sérstaklega viðkvæmir fyrir breytingunni. Þeir myndu missa núverandi afslátt án þess að öðlast rétt til styrks og standa því frammi fyrir verulegri gjaldahækkun, til dæmis færi kostnaður fyrir sundkort úr 4.000 kr. í 34.000 kr. Þar sem tekjur þessa hóps eru takmarkaðar og oft fastar er hætt á að hann dragi úr þátttöku eða stöðvi áskrift þrátt fyrir heilsufarslegt og félagslegt mikilvægi starfseminnar. Rétt er þó að taka fram að ekki liggja fyrir gögn um verðnæmi hópsins og því er um áhættumat að ræða, ekki staðfesta brottfallsspá.

Tillaga: Núverandi sérkjör haldist óbreytt á fyrsta starfsári. Áhrif frístundakortsins verði metin sérstaklega áður en breytingar á þeim eru lagðar til. Reykjavíkurborg niðurgreiði á sama tíma ekki þegar niðurgreidd sérkjör á starfsstaði með frístundakorti.

Samanburður sveitarfélaga

Sveitarfélagasamanburðurinn tekur til fjárhæða ársins 2026, en Hafnarfjarðarreglurnar tóku gildi árið 2025. Akureyri metur rétt til styrks árið 2026 út frá skattframtali 2025 vegna tekna 2024, en Hafnarfjörður vísar til síðasta staðfesta skattframtals eða staðgreiðslugagna. Kópavogsbær hefur ekki tekið upp sérstaka frístundastyrki fyrir eldri borgara.

Sveitarfélag	Hámark kr.	Tekjutenging	Umsókn / greiðsla	Styrkhæfi og athugasemdir
Akureyri	60.000 / 30.000	Já, tvö þrep	Umsókn og skil á skattframtali; ráðstöfun í Abler til veitanda	Íþrótt-, tómstunda- og félagsstarf; tekjur 2024 fyrir styrk 2026.
Hafnarfjörður	48.000	Já	Mínar síður; kvittun og skattframtal, endurgreiðsla	Skipulögð kennsla/þjálfun sem stuðlar að heilsu og hreysti.
Vogar	50.000	Nei	Sportablar eða kvittun á skrifstofu	Skipulagt starf undir handleiðslu; ekki búnaður, fatnaður eða ferðir.
Reykjanesbær	45.000	Nei	Rafræn ráðstöfun, t.d. Abler	Íþrótt-, tómstunda-, lista- og menningarstarf hjá viðurkenndum aðila.
Mosfellsbær	11.000	Nei	Mínar síður; kvittun og endurgreiðsla	Hreyfi- og tómstundatilboð í minnst 4 vikur undir viðurkenndri leiðsögn.

Heimildir: úthlutunarreglur Akureyrar 2026; reglur Hafnarfjarðar nr. 325/2025 með breytingum nr. 616/2025; opinberar vefsíður Voga, Reykjanesbæjar og Mosfellsbæjar, skoðaðar 18. ágúst 2026.



4. Styrkhæf starfsemi

Í samræmi við markmið verkefnisins er lagt til að frísundastyrkur geti nýst til þátttöku í skipulögðu íþrótta-, heilsu-, tómstunda-, menningar-, fræðslu- og félagsstarfi sem stuðlar að virkni, félagslegri þátttöku eða auknum lífsgæðum eldra fólks.

Styrkhæfur aðili þarf að starfa undir eigin kennitölu, bjóða skipulagt starf undir leiðsögn hæfs leiðbeinanda og samþykkja eftirlits- og greiðsluskilmála Reykjavíkurborgar. Ákvörðun þarf að liggja fyrir um lágmarkslengd námskeiða.

Ekki verði styrkt kaup á búnaði, fatnaði, ferðakostnaði, gjafabréfum, vörum eða þjónustu fyrir annan einstakling. Styrkur verði aldrei hærri en þátttöku- eða námskeiðsgjaldið.

Nánari útfærslu má finna í drögum að reglum í fylgiskjali 2

5. Tekju og eignaviðmið

Hópurinn vann tvær útfærslur af tekjuviðmiðum, annars vegar út frá heildartekjum og hins vegar út frá húsnæðisstuðningi Reykjavíkurborgar. Erindi til skattsins má finna í fylgiskjali 3 og reglur um húsnæðisstuðning og lækkun fasteignagjalda í fylgiskjali 4.

Út frá fyrirliggjandi gögnum var ákveðið að miða við framfærsluviðmið einstaklings og viðmið fjármála- og áhættustýringasviðs um 100% niðurfellingu fasteignagjalda hjá samsköttuðum einstaklingum. Með heildartekjum verði átt við atvinnutekjur, skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðstekjur, atvinnuleysisbætur, leigutekjur og aðrar skattskyldar tekjur.

Tillaga: Tekjuviðmið samkvæmt skattframtali og taka mið af viðmiðum vegna húsnæðisstuðnings Reykjavíkur

- Einstaklingur: allt að 5.977.429 kr. í árstekjur, um 498.000 kr. á mánuði.
- Samskattað par: allt að 8.360.000 kr. í samanlagðar árstekjur.

Samkvæmt álagningu 2026 falla undir mörkin:

- 3.453 einhleypir einstaklingar, 68 ára og eldri.
- 1.187 samsköttuð pör þar sem eldri makinn er 68 ára eða eldri.

Skattframtöl eða heimili sem falla undir viðmiðið eru því samtals 4.640.

Fjöldi styrkhæfra einstaklinga er þó ekki nákvæmlega þekktur. Hann er að lágmarki 4.640 en gæti orðið allt að 5.827 ef báðir aðilar allra samskattaðra para væru á styrkhæfum aldri.



Eignastaða

Ekki er lagt til að eignastaða hafi áhrif á rétt til frístundastyrks. Eignamat gefur ekki endilega rétta mynd af ráðstöfunartekjum eða greiðslugetu, enda geta eignir, einkum eigið húsnæði, verið verðmætar án þess að skapa laust fé. Eignaviðmið myndu jafnframt kalla á flóknara umsóknar- og sannprófunarferli, auka stjórnsýslukostnað og draga úr möguleikum á sjálfvirkri afgreiðslu. Ef ákveðið verður að hafa eignaviðmið er nauðsynlegt að tilgreina hvaða eignir falla undir, að hvaða marki heimilt sé að eiga eignir án þess að komi til skerðingar og hvernig matið samræmist meðalhófi og persónuvernd.

6. Kostnaðarmat

Við kostnaðarmat Frístundakortsins vann starfshópurinn tvær útfærslur á tekjuviðmiðum, annars vegar á grundvelli heildartekna samkvæmt skattframtali og hins vegar út frá rétti til húsnæðisstuðnings Reykjavíkurborgar. Kostnaðarmatið miðast við áætlaðan fjölda styrkhæfra einstaklinga og 60.000 kr. árlegan styrk. Erindi til Skattsins og nánari forsendur útreikninga er að finna í fylgiskjali 3.

Ekki er gert ráð fyrir að hámarksútgjaldarammi yrði nýttur heldur yrði nýting að hámarki 70% af ramma, sett er fram sviðsmynd ef 40% nýtir styrkinn og að lokum ef þau sem sækja um húsnæðisstuðning myndu nýta styrkinn.

Mögulegir árlegir frístundastyrkir

Viðmið:	Skattaviðmið
Hámarksfjöldi að lágmarki:	4.640
Mögulegur hámarksfjöldi:	5.827
Hámarksútgjöld:	278,4 - 349,6 m.kr.
Útgjöld m.v. 70% af hámarksfjölda:	194,9 - 244.7 m. kr
Útgjöld m.v. 40% af hámarksfjölda:	111,36 – 139,84
Hámarksútgjöld m.v. þann fjölda sem sækir um húsnæðisstuðning:	58,9 m.kr
Framkvæmd	Sjálfvirk vinnsla

Fyrirvarar

Skattgögnin miðast við 68 ára og eldri en frístundastyrkurinn á að ná til 67 ára og eldri. Tölurnar um samskattað fólk sýna heimili eða framtöl, ekki staðfestan fjölda styrkhæfra einstaklinga.



Reykjavík



Áhrif á núverandi sérkjör:

Ef almenn afsláttarkjör eldri borgara yrðu felld niður og núverandi notendur greiddu fullt verð gætu árlegar tekjur Reykjavíkurborgar aukist úr um 35,1 m.kr. í um 227,7 m.kr., eða um 192,6 m.kr. Þessi spár miðar við óbreytta fjölda notenda en gera má ráð fyrir nokkru brottfalli verði gjaldskrá hækkuð. Þó tekjunæmni hópsins sé ekki þekkt. Því er ekki er lagt til að fara í breytingu á núverandi sérkjörum að svo stöddu.

Þjónusta	Fjöldi	Verð 67+	Tekjur nú	Almennt verð	Tekjur á fullu verði	Tekjuaukning
Sundlaugar	5.564	4.000 kr.	22.256.000 kr.	34.000 kr.	189.176.000 kr.	166.920.000 kr.
Menningarkort	3.537	2.550 kr.	9.019.350 kr.	8.700 kr.	30.771.900 kr.	21.752.550 kr.
Fjölskyldu- og húsdýragarður	870	4.000 kr.	3.480.000 kr.	7.000 kr.	6.090.000 kr.	2.610.000 kr.
Ylströnd	94	4.000 kr.	376.000 kr.	18.000 kr.	1.692.000 kr.	1.316.000 kr.
Samtals	10.065		35.131.350 kr.		227.729.900 kr.	192.598.550 kr.

Innleiðingarkostnaður

Gera þarf breytingar á Hvatakerfinu og áætlaður kostnaður við það er **3,75 - 5.0 milljónir** miðað við þær forsendur sem liggja fyrir í dag. Lagt er til að farið verði í samtal við Skattinn til þess að skoða möguleika á beinni tengingu en sú leið sem tilgreind er í Hvata til vara.

Gera þarf breytingu á gagnagreiningatóli Frístundakortsins – gert er ráð fyrir að sú breyting gæti verið allt að **500.000 til 1.000.000**

Markaðs og kynningarkostnaður

Gert er ráð fyrir að nota að mestu starfsfólk og miðla Reykjavíkurborgar en nauðsynlegt er að láta útbúa efni til miðlunar ásamt hóflegri fjölmiðlabirtingu til þess að kynna fyrir markhópnum. Eftir samtal við markaðsdeild MIR er gæti áætlaður markaðskostnaður verið um **300.000 – 500.000**.



Reykjavík



7. Framkvæmd

Framkvæmd Reykjavíkurborgar

Áður en styrkurinn verður tekinn í notkun þarf að ljúka reglum, skilgreina tekjuviðmið og samþykkja skilyrði fyrir styrkhæfri starfsemi ásamt kröfum til þjónustuveitenda. Sbr. tillögu að tekjuviðmiði í kafla 5 og drög að reglum hér í fylgiskjali. Í framhaldi þarf að gera nauðsynlegar breytingar á Hvatakerfinu og koma á öruggri rafrænni sannprófun tekna. Jafnframt þarf að skilgreina ábyrgð á afgreiðslu styrkja, greiðslum til þjónustuveitenda, þjónustu við notendur, eftirliti og gagnagreiningu. Lagt er til að samningsgerð, umsýsla og uppgjör fylgi sama fyrirkomulagi og gildir um Frístundakort barna.

Framkvæmd fyrir notendur

Ekki er um beingreiðslu til notenda að ræða. Styrkhafi fær þess í stað heimild til að ráðstafa styrknum til greiðslu þátttöku- eða námskeiðsgjalda hjá viðurkenndum þjónustuveitanda.

Ef tillaga 1 verður valin fer ráðstöfun fram með eftirfarandi hætti:

- Styrkhafi skráir sig í rafrænu skráningarkerfi á heimasíðu viðkomandi félags með rafrænum skilríkjum.
- Við skráningu og greiðslu getur styrkhafi valið að ráðstafa frístundastyrknum til þjónustuveitandans.
- Uppfylli styrkhafi skilyrði frístundastyrksins geti hann ráðstafað beint til þjónustuveitanda.
- Ekki er hægt að ráðstafa hærri fjárhæð en sem nemur þáttökugjaldinu.
- Ef gjaldið er hærra en ráðstöfun styrksins greiðir styrkhafi mismuninn.
- Reykjavíkurborg greiðir þjónustuveitendum uppsafnaðar ráðstafanir í fyrstu viku næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Uppgjörstímabil er frá 21. hvers mánaðar til 20. næsta mánaðar.





8. Fylgiskjöl

Erindisbréf starfshóps

Reykjavík, 23. júní 2026

MIR26060016

ERINDISBRÉF

Starfshópur um frístundakort fyrir 67 ára og eldri

Ábyrgðaraðili:

Steinþór Einarsson, sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Hlutverk starfshóps þessa er í samræmi við áherslur meirihlutans um að innleiða frístundakort með tekjutengingu fyrir 67 ára og eldri.

Í Reykjavíkurborg hafa börn og barnafjölskyldur um árabíl notið góðs af frístundastyrk sem styður börn til þátttöku í íþróttum og öðrum tómstundum með því að mæta kostnaði sem fellur til vegna þátttöku barna í skipulögðu starfi. Sambærilegur styrkur til handa eldri borgurum hefur ekki verið tekinn upp í Reykjavík en önnur sveitarfélög hafa boðið upp á slíkar styrkveitingar með ólíkum útfærslum.

Nú er fyrir hendi vilji af hálfu meirihlutans á því að taka upp frístundastyrk/frístundakort með tekjutengingu fyrir fólk 67 ára og eldri. Styrknum er ætlað að styðja við heilsu, virkni og lífsgæði á efri árum.

Ljóst er að eldri fólk er fjölbreyttur hópur með missterka fjárhagsstöðu. Fyrir suma er lítið mál að greiða fyrir námskeið eða líkamsrækt, en fyrir aðra getur kostnaðurinn ráðið úrslitum.

Í tengslum við rýni hópsins er rétt að líta til þess að ýmis sérkjör eru þegar í boði fyrir eldri borgara á starfsstöðum borgarinnar. Er starfshópnum falið að skoða hvort og að hvaða leyti eðlilegt má telja að tilkoma frístundastyrk eigi að hafa áhrif á fyrirbyggjandi sérkjör.

Málefnið fellur vel að íþrótt- og lýðheilsustefnu borgarinnar sem og markmiðum laga um félagsþjónustu sveitarfélag og laga um málefni aldraðra, þar sem áhersla er lögð á sjálfsstæði þátttöku og vellíðan, ekki síst á efri árunum.

Hlutverk:

- Starfshópnum er ætlað að vinna tillögur að útfærslu tekjutengds frístundastyrks fyrir 67 ára og eldri.
 - Í því felst að vinna fyrstu drög að reglum um slíkan frístundastyrk þar sem m.a. eru sett viðmið um hvers konar íþróttir og tómstundir geti talist styrkhæf og hvaða tekjuviðmið skuli leggja til grundvallar.
- Starfshópnum er jafnframt ætlað að kostnaðarmeta tillögur m.v. þær forsendur að hámarks frístundastyrkur til handa 67 ára og eldri geti numið kr. 60.000,- á ári.

Starfshópin skipa:

Jóhanna Garðarsdóttir, deildarstjóri tölfraði og upplýsingatækni á menningar- og íþróttasviði, formaður

Þórunn Þórðardóttir, sérfræðingur á skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa hjá fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar

Þórhildur Egilsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu Öldrunarmála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Starfsmaður starfshópsins:

Úlfhildur Flosadóttir, verkefnastjóri á menningar- og íþróttasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en 21. ágúst 2026.



Reykjavík



Drög að reglum

Eftirfarandi eru vinnsludrög sem þurfa yfirferð og samþykkt Íþróttá- og útlífsráðs

- 1. gr. Markmið.** Að auðvelda tekjulægra fólki 67 ára og eldra þátttöku í skipulögðu starfi sem eflir heilsu, virkni, félagslega þátttöku og lífsgæði.
- 2. gr. Réttur til styrks.** Rétt eiga einstaklingar sem verða 68 ára á almanaksárinu eða eru eldri, eiga lögheimili í Reykjavík og uppfylla tekjuskilyrði.
- 3. gr. Fjárhæð og tímabil.** Hámarksstyrkur er 60.000 kr. á almanaksári (1. janúar til 30. desember) og aldrei hærri en gjald fyrir viðkomandi starf.
- 4. gr. Tekjugrunnur.** Tekjur umsækjanda og, eftir atvikum, maka/sambúðaraðila skulu metnar samkvæmt einni skilgreindri heimild. Heildartekjur og fjármagnstekjur verði teknar með. Viðmið tekna eru auglýst á heimasíðu Reykjavíkurborgar hverju sinni.
- 5. gr. Styrkhæf starfsemi.** Styrkur nýtist skipulögðu íþróttá-, heilsu-, tómstunda-, menningar-, fræðslu- og félagsstarfi hjá viðurkenndum aðila. Hið skipulagða starf skal vera að lágmarki í 4 vikur.
- 6. gr. Viðurkenndir aðilar.** Aðili starfi undir eigin kennitölu, uppfylli fagleg og rekstrarleg skilyrði og taki þátt í rafrænu greiðslu- og eftirlitsferli borgarinnar. Aðilar sem þegar eru með samning við Reykjavíkurborg vegna nýtingu á Frístundakorti barna fá sjálfkrafa aðild að Frístundakorti 67+ og þurfa ekki að óska sérstaklega eftir því.
- 7. gr. Ráðstöfun.** Styrk skal ráðstafa rafrænt beint til þjónustuveitanda. Ekki er um beingreiðslu til styrkþega að ræða.
- 8. gr. Undanþeginn kostnaður.** Styrkur nær ekki til búnaðar, fatnaðar, ferðakostnaðar, gjafabréfa, vara eða þjónustu fyrir annan einstakling.
- 9. gr. Ónýttur styrkur og flutningur.** Ónýtt réttindi falla niður við lok almanaksárs. Réttur virkjast við lögheimilisflutning til Reykjavíkur og fellur niður við flutning frá Reykjavík. Ekki er heimilt að flytja styrk milli einstaklinga.
- 10. gr. Eftirlit, endurkrafa og persónuvernd.** Reykjavíkurborg er heimilt að sannreyna skilyrði, leiðréttar rangar ráðstafanir og krefja um endurgreiðslu vegna rangra eða villandi upplýsinga. Vinnsla persónuupplýsinga byggir á upplýstu samþykki ráðstafenda.



Reykjavík



Erindi til Skattstofu

Sent var erindi til skattsins þar sem eftirfarandi kom fram:

Vísa til erindisins þar sem óskað er eftir upplýsingum um fjölda ellilífeyrisþega í Reykjavík með heildartekjur sem samsvara eða eru lægri en framfærsluviðmið almannatrygginga þ.e. c.a. á bilinu 498.106 - 622.633.

Því er til að vara að í álagningu 2026 á tekjur 2025 skiluðu 10.324 einhleypingar 68 ára og eldri skattframtali. Þar af voru 3.453 með heildartekjur undir 5.977.429 kr. árið 2025, 2.432 voru með heildartekjur á bilinu 5.977.429 kr. og 7.472.428 kr. og 4.439 voru með meira en 7.472.428 kr. í heildartekjur.

Þá skiluðu 5.985 hjón og samskattað sambúðarfólk framtali þar sem eldri maki var 68 ára eða eldri en þar af voru 1.187 með minna en 11.954.835 kr. í heildartekjur heimilis, 1.288 voru með heildartekjur á bilinu 11.954.835 kr. og 14.948.361 kr. en 3.510 samskattaðir voru yfir þessum mörkum.

Þá skiluðu 5.985 hjón og samskattað sambúðarfólk framtali þar sem eldri maki var 68 ára eða eldri en þar af voru 1.187 með minna en 11.954.835 kr. í heildartekjur heimilis, 1.288 voru með heildartekjur á bilinu 11.954.835 kr. og 14.948.361 kr. en 3.510 samskattaðir voru yfir þessum mörkum.“

Gögn varðandi lækkun fasteigna og fráveitugjalds

Tekjumörk vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds á árinu 2026 eru:

Réttur til 100% lækkunar fasteignagjalda

- Einstaklingur með tekjur* allt að 6.000.000 kr.
- Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 8.360.000 kr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

- Einn einstaklingur með tekjur frá 6.288.094 allt að 7.860.118
- Tveir einstaklingar tekjur frá 8.363.165 - 10.453.956

Réttur til 80% lækkunar fasteignagjalda

- Einstaklingur með tekjur* á bilinu 6.000.001 til 6.860.000 kr.
- Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.360.001 til 9.270.000 kr.

Réttur til 50% lækkunar fasteignagjalda

- Einstaklingur með tekjur* á bilinu 6.860.001 til 7.980.000 kr.
- Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 9.270.001 til 11.080.000 kr.



Reykjavík



Kostnaðarmat vegna breytingar á Hvata

Abler hefur lagt fram kostnaðarmat vegna þeirra breytinga sem nauðsynlegar eru á Hvatakerfinu til að unnt verði að sjálfvirknivæða afgreiðslu frístundastyrks fyrir 67 ára og eldri.

Með þessum breytingum á Hvata er mögulegt að halda umsýslu í lágmarki og koma í veg fyrir þörf á fjölgun starfsfólks vegna afgreiðslu styrksins.

Ekki liggja enn fyrir nægilega ítarlegar upplýsingar frá Skattinum og of mörgum spurningum er enn ósvarað til að mögulegt sé að gera raunhæft kostnaðarmat vegna beinnar kerfistengingar. Því gera þarf ráð fyrir að sú útfærsla sem verður valin nýtist öllum kerfum sem í dag tengjast Hvatakerfinu.

Því er kostnaðarmatið byggt á þeirri útfærslu að Reykjavíkurborg fái árlega lista frá Skattinum yfir einstaklinga sem uppfylla skilyrði styrksins. Reykjavíkurborg myndi bera ábyrgð á að afla listans og halda upplýsingunum uppfærðum, en Abler myndi þróa lausn innan Hvatakerfisins til að halda utan um styrkinn og réttindi einstaklinga.

Lausnin myndi meðal annars fela í sér stjórnborð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar þar sem unnt væri að:

- hlaða upp lista yfir styrkhæfa einstaklinga
- skoða og leita í listanum
- bæta við eða fjarlægja einstaklinga
- skipta út listanum í heild
- fá tilkynningar um ógildar eða tvíteknar færslur við innlestur gagna
- möguleikar á gagnagreiningu og tengingu við apa Reykjavíkurborgar

Abler áætlar að þróun lausnarinnar taki 150–200 vinnustundir. Miðað við tímagjald að fjárhæð 25.000 kr. án virðisaukaskatts er áætlaður heildarkostnaður á bilinu 3.750.000–5.000.000 kr. án virðisaukaskatts. Kostnaðarmatið miðast við framangreinda útfærslu en endanlegt umfang og kostnaður ráðast af nánari útfærslu verkefnisins og þeim upplýsingum sem fást frá Skattinum.

